



ÁGÆTI SJÓÐFÉLAGI


Sjóðurinn fagnar í ár 60 ára afmæli sínu um leið og hann kynnir sjóðfélögum sínum einkar hagfellda niðurstöðu ársins 2015. Eignir sjóðsins til greiðslu lífeyris námu 584 milljörðum króna í árslok samanborið við 515 milljarða í upphafi ársins. Ávöxtun sjóðsins og verðbréfaleiðar í séreignardeild var 12,4% 2015 sem samsvarar 10,2% raunávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu. Nafnávöxtun innlánsleiðar í séreignardeild var 3,4% sem samsvarar 1,4% raunávöxtun á tímabilinu.

MEGINÞÆTTIR ÚR STARFSEMI SJÓÐSINS 2015

Ávöxtun eigna á árinu var 12,4% sem samsvarar 10,2% raunávöxtun.

Eignasafn sjóðsins er í vel dreifðu safni erlendra og innlendra verðbréfa.

Skipting eignasafns í árslok 2015




Kaup verðbréfa umfram sölu námu 57,4 milljörðum og þar af námu innlend skuldabréf 38,7 milljörðum og innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini 8,0 milljörðum.

Lánveitingar til sjóðfélaga námu 4.268 milljónum króna.

Séreign: Inngræiðslur námu 826 milljónum króna á árinu 2015 og útgreiðslur voru 552 milljónir. Meðtalið í útgreiðslum er tímabundin ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á lán að fjárhæð 349 milljónir til 921 sjóðfélaga.

Tryggingafræðileg staða styrktist verulega á árinu og batnaði fimmta árið í röð. Hún segir til um getu sjóðsins til að standa við lífeyrisskuldbindingar sínar.

Tryggingafræðileg staða




Greiðandi sjóðfélagar voru 48.630. Þar af voru 33.859 virkir sjóðfélagar en það eru þeir sem að jafnaði greiða iðgjöld með reglubundnum hætti í hverjum mánuði.

Iðgjaldagreiðslur til sameignardeildar námu 21 milljarði sem er hækkun um 6,9% frá fyrra ári. Samtals greiddu 8.197 launagreiðendur iðgjöld vegna starfsmanna sinna.

Rekstrarkostnaður: Rekstrarkostnaður nam 712 milljónum á liðnu ári sem samsvarar 0,13% af meðalstöðu eigna. Þetta lága kostnaðarhlutfall stenst vel samanburð við aðra íslenska lífeyrissjóði.

Lífeyrisgreiðslur námu 10,5 milljörðum króna, um 9,4% meira en 2014. Lífeyrisþegar voru 14.105. Það er 8,0% fjölgun frá 2014.

Lífeyrisgreiðslur 2011–2015 í milljónum króna



Lífeyrissjóðurinn 60 ára

Lífeyrissjóður verzlunarmanna fagnar 60 ára afmæli á árinu 2016. Við þessi tímamót getur sjóðurinn kynnt sjóðfélögum afar góða afkomu á liðnu ári sem og undanfarin ár. Í lok árs 2015 var tryggingafræðileg staða sjóðsins jákvæð sem nemur 8,7% og hafði hækkað úr 5,1% árið áður. Langtímaárangur hefur einnig verið góður af starfsemi sjóðsins og afkoma góð eins og best sést af því að skoða meðaltals raunávöxtun á ári undanfarin 20 ár en hún er 4,9%.

Lífeyrisgáttin og Lífeyrisáætlun

Á sjóðfélagavefnum er Lífeyrisgáttin þar sem þú finnur upplýsingar um lífeyrisréttindi þín hjá íslenskum lífeyrissjóðum. Þar getur þú líka gert þína eigin lífeyrisáætlun. Þannig sérð þú samanlögð áunnin réttindi, áætlun framtíðarréttindi og séreign.



Með kveðju,

Guðmundur Þ. Þórhallsson,
framkvæmdastjóri